

# Starfsleyfi

Hlaðbær - Colas hf.

Kt: 420187 - 1499

Leyfi til að starfrækja:

**Malbikunarstöð með breytilega staðsetningu**

Lögheimili starfseminnar:

**Gullhella 1, Hafnarfjörður**

Heilbrigðisnefn Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## Leyfið gildir frá 30. maí 2016 til 1. desember 2019

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

### Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs færðanlegrar malbikunarstöðvar\*<sup>1</sup> sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum, sbr. liði 9.9 um olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu.

Leyfið tekur til reksturs malbikunarstöðvar af gerðinni Marini (árgerð 2016 með framleiðslugetu við bestu aðstæður allt að 200 tonn á klst.) og tilheyrandi fylgibúnaði auk 30 m<sup>3</sup> olíubirgðatanks með tvöföldu birgði staðsettum í stálgám útbúnum sem lekavörn.

Í sérhvert sinn er stöðinni er fundin ný staðsetning þarf rekstraraðili að hafa áður samráð við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Kynna efni starfsleyfis og afla álits á hugsanlegri staðsetningu. Í samræmi við 1. mgr. 16. gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999 m.s.b. þarf leyfishafi einnig að fá stöðuleyfi skipulags- og/eða byggingafulltrúa sem metur hvort áformuð staðsetning samrýmist ætlaðri landnotkun eða öðrum skilyrðum viðkomandi sveitarfélags. Stöðuleyfi skipulags- og/eða byggingafulltrúa skal kynnt heilbrigðiseftirliti svæðisins og afrit sent Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

\*<sup>1</sup> Færðanleg starfsemi er starfsemi sem eðlis síns vegna er færðanleg milli staða. Í starfseminni er notast við hreyfanlegan búnað til að vinna tímabundið verk á hverjum stað sem tengist ekki veitukerfum á staðnum. Um er að ræða starfsemi sem ekki er gert ráð fyrir á skipulagi eða þarf byggingarleyfi sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga nr. 7/1998

### Almennar kröfur með vísan til reglugerða

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla um húsnæði og lóðir í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifnað lóðar.
- Auglýsing nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvara.
- Um frágang olíutanka og annarra olíumannvirkja fer eftir ákvæðum reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994.

- Rekstraraðili á að hafa ábyrgðartryggingu vegna rekstursins í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði 3. gr. reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Um tryggingar fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar.

## **Kröfur er varða mengunarvarnir við rekstur malbikunarstöðvar (gerð; Marini, framleiðsluár; 2016)**

### **1. Almenn ákvæði og ásýnd svæðis**

- 1.1 Áður en rekstur hefst á nýjum stað skal liggja fyrir úttekt viðkomandi heilbrigðiseftirlits.
- 1.2 Skilyrðin taka til hörpunnar á efni í stöðinni, meðhöndlunar á biki, blöndunar og afsetningar á malbiki ásamt tilheyrandi rykhreinsibúnaði, rafstöðvum, olíubirgðatanki og dagtökum.
- 1.3 Frágangur í kringum starfsstöðina og stærð efnishauga skal ákvarðaður í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Sama gildir um hvar bifreiðum tengdum starfseminni er lagt utan vinnutíma.
- 1.4 Beita skal tiltækum ráðum til að lágmarka rykmengun frá flutningi á steinefnum, efnishaugum, akstri þungavinnutækja og akstursleiðum.
- 1.5 Ef aðstæður krefja s.s. vegna slysahættu getur viðkomandi heilbrigðiseftirlit krafist þess að svæðið í kringum stöðina verði afgirt eða vaktað.
- 1.6 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

### **2. Mengunarvarnir:**

#### **2.1 Hreinsun útblásturs:**

Afsogi frá brennara, þurrkurum, blöndurum, og flutningslyftum skal safnað til hreinsunar í rykhreinsibúnaði.

Losunarmörk\*<sup>2</sup> eftir rykhreinsibúnaðinn þegar stöðin hefur verið í gangi í a.m.k. 2 klukkustundir samfellt eftir 1. júlí 2016.

Mengunarefnii:	Losunarmörk* <sup>2</sup> Klukkustundarmeðaltal mg/Nm <sup>3</sup> * <sup>3</sup>	Viðmið framleiðanda Marini mg/Nm <sup>3</sup> * <sup>3</sup>
Heildarryk	50	< 20
Kolmónoxíð CO	500	< 500
Köfnunarefnisoxíð NO <sub>x</sub>	400	< 250

\*<sup>2</sup> Losunarmörk taka mið af kröfum í starfsleyfum fyrir malbikunarstöðvar með fast aðsetur sem Umhverfisstofnun hefur veitt. Til hliðsjónar eru upplýsingar framleiðanda stöðvarinnar um hreinsigetu búnaðar.

\*<sup>3</sup> Varðandi mæliskilyrði vísast til starfsleyfis Hlaðbæjar - Colas hf. fyrir malbikunarstöð fyrirtækisins að Gullhellu 1 í Hafnarfirði útgefnu af Umhverfisstofnun, dags. 27. febrúar 2008.

#### **2.2 Hávaði:**

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá starfseminni\*<sup>4</sup> eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

\*<sup>4</sup> Hörpun steinefna er hluti af framleiðsluferlinu. Samkvæmt upplýsingum framleiðanda búnaðar má, miðað við eðlilegan rekstur, gera ráð fyrir að hávaði frá stöðinni í rekstri sé allt að 65 dB í 100 metra fjarlægð. Staðarval skal að taka mið af því.

### 2.3 Olíur:<sup>\*5</sup>

Leyfishafi þarf heimild hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti fyrir öðrum eldsneytistönkum en þeim sem taldir eru upp í skýringargrein 5 og lúta fyrirmælum þess um allan umbúnað. Fyrirtækið skal reglulega yfirsara mengunarvarnabúnað er tengist geymslu á fljótandi eldsneyti og hafa viðbragðsáætlun við slysum.

Í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit skal ákveðinn einn staður til losunar á afgangs malbiki og malbiki sem hreinsað er af bílum og tækjum<sup>\*6</sup>. Í lok hvers verktímabils skal bikið hreinsað upp og því komið í viðurkennda endurvinnslu.

<sup>\*5</sup> Malbikunarstöðin er knúin af skipagasolú sem geymd er í 30 m<sup>3</sup> olíubirgðatanki með tvöföldu birgði staðsettum í stálgám útbúnum sem lekavörn. Í stöðinni eru einnig tveir litlir dagtankar vegna rafstöðva. Tveir stungubikstankar (37.600 l. hvor) eru í stöðinni. Bifreiðar með samþykkta ADR tanka koma með stungubikið og dæla því á biktankana með sérhæfðum tengi- og dælubúnaði.

<sup>\*6</sup> Óski fyrirtækið eftir heimild til að urða malbiksleifar eða ef tímabundin losunarstaður fyrir malbiksleifar er á viðkvæmum stað að mati viðkomandi heilbrigðiseftirlits getur það mælt fyrir um að rekstraraðili láti fara fram útskolunarpróf sbr. regl. 783/2002 um urðun úrgangs, (Gildi fyrir jarðolíur er 500 mg/kg.).

### 3. Spilliefni og annar úrgangur: <sup>\*7</sup>

3.1 Úrgangsolúum og öðrum spilliefnum skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.2 Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.

3.3 Sorpi og öðrum úrgangsefnum skal komið í viðurkennda förgun.

3.4 Brennsla og urðun úrgangs er óheimil.

<sup>\*7</sup> Fyrirtækið Hlaðbær Colas hf. er með vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001:2008 sem nær til meðhöndlunar á úrgangi og spilliefnum.

### 4. Vöktun, inna eftirlit og skráningar:

#### 4.1 Hreinsun útblásturs:

Rekstraraðili skal vakta útblástur frá malbikunarstöðinni og grípa til viðeigandi lausna ef vart verður við óeðlilega ryklosun.

Ryk skal annað hvort mæla samfellt í útblæstri frá þurrk- og blöndunartækjum eða að pokahús skulu útbúin búnaði sem gefur aðvörun þegar pokar rifna.

Mæla skal árlega ryk og brunagas í útblæstri. Taka skal nægjanlega mörg sýni til að fá tölfraðilega marktæka niðurstöðu.

Mæliáætlanir og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar í fyrsta sinn þegar eitt ár er liðið frá gildistöku starfsleyfisins og búið er að sýna fram á virkni hreinsibúnaðar og síðan hvenær sem rekstraraðili eða útgefandi leyfis óskar eftir slíkri endurtöku.

Rekstraraðili skal halda aðgengilega skrá um eigið eftirlit með rykhreinsibúnaði, þ.m.t. eigin eftirliti, rekstrartíma ryksía, mælingum í útblæstri, viðhaldi og viðbrögð við bilunum.

Rekstraraðili skal halda aðgengilega skrá um viðhald, stillingar og annað er varðar rekstur olíumannvirkja, þ.m.t. mælingar á brunagasi (kolmónoxíði CO og köfnunarefnisoxíðum NOx)

#### 4.2 Hávaði:

Rekstraraðili skal reglubundið mæla hávaða frá stöðinni til að staðfesta að hávaðinn sé innan marka reglugerða og forsenda framleiðanda stöðvarinnar. Halda skrá yfir hávaðamælingar.

\*\*\*\*\*

4.3 Eftirlitsskýrslur:

Rekstraraðili skal varðveita skýrslur opinberra eftirlitsaðila og hafa þær aðgengilegar í eftirliti. Þá skal hann senda útgefanda leyfis afrit af þeim þegar þær berast.

4.4 Prófun og kvörðun vöktunararbúnaðar:

Sjálfvirkur vöktunararbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir.

## Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þegar stöðin er starfrækt utan eftirlitssvæðis leyfisgjafa skulu úttektir, vegna staðsetningar og vegna vandamála sem upp kunna að koma, falla undir viðkomandi heilbrigðiseftirlit í samráði við heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis sbr. gr. 6.e í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. Kostnaður vegna þeirra úttekta, eftirlits og eftirfylgni greiðist til viðkomandi heilbrigðiseftirlitsvæði í samræmi við gjaldskrá þess.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og tengt lögheimili starfseminnar að Gullhellu 1 í Hafnarfirði. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á búnaði stöðvarinnar sem varðað geta mengunarvarnir og önnur ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfsemi fyrirtækisins er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni eða á vottun gæðakerfa (-ÍST EN ISO 9001:2008-).

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Garðabær, 13. júní 2016

